



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ráðhús Reykjavíkur

Viljayfirlýsing um hugmyndahús og frumkvöðlasetur á svæði Vísindagarða HÍ

Á fundi borgarráðs þann 13. apríl 2023 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 11. apríl 2023, samþykkt, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að viljayfirlýsingu þar sem Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Vísindagarðar Háskóla Íslands eru sammála um að greiða götu þess að nýsköpunar- og frumkvöðlasetur rísi á lóðum B og E á svæði Vísindagarða Háskóla Íslandsbyggt á fyrirmynd og hugmyndafræði Grósku hugmyndahúss. Gert er ráð fyrir að sömu aðilar, Gróska ehf., komi að uppbyggingu og rekstri hinna nýju mannvirkja. Unnin verði tillaga að breytingu á deiliskipulagi á lóðunum, þróun á forsögn og samgöngumat, ásamt því að haldin verði samkeppni um hönnun bygginga.

Það tilkynnist hér með.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands sat hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Gróska hefur gengið vonum framár og verið ótrúlega öflug gerjunarmiðstöð fyrir nýsköpun og samstarf fræða, atvinnulífs og sprotafyrirtækja. Mikil tækifæri eru möguleg í nýju nýsköpunar- og frumkvöðlasetri á svæði Vísindagarða, með hugmyndafræði Grósku hugmyndahúss að fyrirmynd. Viljayfirlýsingin gerir ráð fyrir að sömu aðilar og reka Grósku komi að uppbyggingu og rekstri þessarar nýju uppbyggingar og að unnin verði tillaga að breytingu á deiliskipulagi á lóðunum, þróun á forsögn og samgöngumati og loks haldin samkeppni um hönnun bygginganna.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er lögð fram viljayfirlýsing um að greiða götu þess að nýtt nýsköpunar- og frumkvöðlasetur rísi á lóðum á svæði Vísindagarða byggt á fyrirmynd og hugmyndafræði Grósku hugmyndahúss. Í Grósku býðst fyrirtækjum og einyrkjum að þróa hugmyndir sínar og geta m.a. leigt vinnuaðstöðu og það geta einstaklingar einnig gert. Sósíalistar leggja áherslu á mikilvægi þess að borgin og háskólasamfélagið styðji



Reykjavíkurborg

einnig vel við félagasamtök, samvinnufélög og hópastarf, þannig að áhersla sé ekki einna helst á fyrirtæki.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar þessari viljayfirlýsingu sem er um að greiða götu fólks til að þróa hugmyndir sínar. Skoða þarf að hafa leigu þannig að þeir sem hafa minna milli handana fái einnig tækifæri til að fá vinnuaðstöðu, hvort sem það eru einyrkjar eða hópar.

Bjarni Þóroddsson
e.u.

Afrit:
Umhverfis- og skipulagssvið



Borgarráð

Viljayfirlýsing um nýtt gróskumikið hugmyndahús og frumkvöðlasetur á svæði Vísindagarða HÍ

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að viljayfirlýsingu þar sem Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Vísindagarðar HÍ eru sammála um að greiða götu þess að nýsköpunar- og frumkvöðlasetur rísi á lóðum B og E á svæði Vísindagarða HÍ byggt á fyrirmynd og hugmyndafræði Grósku hugmyndahúss. Gert er ráð fyrir að sömu aðilar Gróska ehf. komi að uppbyggingu og rekstri hinna nýju mannvirkja. Unnin verði tillaga að breytingu á deiliskipulagi á lóðunum, þróun á forsögn og samgöngumat, ásamt því að haldin verði samkeppni um hönnun bygginga.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Viljayfirlýsing um hugmyndahús og frumkvöðlasetur á svæði Vísindagarða HÍ, drög.

Viljayfirlýsing

um nýtt gróskumikið hugmyndahús og frumkvöðlasetur á svæði Vísindagarða HÍ

Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Vísindagarðar Háskóla Íslands eru sammála um að greiða götu þess að nýtt og glæsilegt nýsköpunar- og frumkvöðlasetur rísi á lóðum B og E á svæði Vísindagarða byggt á fyrirmynd og hugmyndafræði Grósku hugmyndahúss. Gert er ráð fyrir að sömu aðilar Gróska ehf. komi að uppbyggingu og rekstri hinna nýju mannvirkja.

Reykjavíkurborg fellst á að Vísindagarðar HÍ láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem verði sett í hefðbundið samráðs og auglýsingaferli. Í tillögunni felist m.a. sameining lóða B og E til að ná markmiðum um samfelldan byggingareit neðanjarðar verði að ræða. Ofanjarðar haldi deiliskipulagið hins vegar uppbroti sínu og yfirbragði og gata og/eða göngusvæði verði milli húsa.

Aðilar eru sammála um að næstu skref verði:

- Próuð verði forsögn fyrir byggingar sem uppfylla þær kröfur sem Vísindagarðar, Gróska og Reykjavíkurborg gera.
- Sérstaklega verði hugað að skipulagslegum þáttum sem varða stærð bygginga, uppbot, tengingar og almenningsrými milli húsa og biðstöð Borgarlínu.
- Virkir ferðamátar verði í forgangi í allri útfærslu. Unnið verði samgöngumat sem taki mið af tilkomu Borgarlínu, áherslu á virka samgöngumáta og gjaldtöku á öllum bílastæðum á svæði Háskóla Íslands áður en stærð bílakjallara verði ákveðin.
- Haldin verði samkeppni um hönnun byggingarinnar í samstarfi Vísindagarða, Grósku og Arkitektafélags Íslands sem byggir á áður gerðri forsögn.
- Niðurstaða samkeppninnar liggi til grundvallar tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðirnar.
- Að lokinni deiliskipulagsbreytingu munu Vísindagarðar Háskóla Íslands úthluta viðkomandi lóðum til Grósku á grundvelli samskonar lóðarleigusamnings og gildir um Bjargargötu 1.

Aðilar eru sammála um að hraða skipulagsvinnu og undirbúningi verkefnisins til að tryggja markvissan framgang þess.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Vísindagarða HÍ


F.h. Grósku ehf.



MINNISBLAÐ – Drög að áætlun vegna uppbyggingar

Háskóli Íslands - Vísindagarðar - viljayfirlýsing um hugmyndahús og frumkvöðlasetrið Viska

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. maí 2023 var lagt fram afgreiðslubréf, dags. 13. apríl 2023, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á svohljóðandi tillögu borgarstjóra, dags. 11. apríl 2023: Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að viljayfirlýsingu þar sem Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Vísindagarðar Háskóla Íslands eru sammála um að greiða götu þess að nýsköpunar- og frumkvöðlasetur rísi á lóðum B og E á svæði Vísindagarða Háskóla Íslandsbyggt á fyrirmynd og hugmyndafræði Grósku hugmyndahúss. Gert er ráð fyrir að sömu aðilar, Gróska ehf., komi að uppbyggingu og rekstri hinna nýju mannvirkja. Unnin verði tillaga að breytingu á deiliskipulagi á lóðunum, þróun á forsögn og samgöngumat, ásamt því að haldin verði samkeppni um hönnun bygginga. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 Gildandi deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Landnotkun gildandi aðalskipulags er íbúðarsvæði (ÍB3).

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Vísindagarða (stækkað skipulagssvæði ásamt sameiningu lóða), staðfest 02.12.2016 í B-deild Stjórnartíðinda ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á tillögu borgarstjóra sem vill greiða götu þess að nýsköpunar- og frumkvöðlasetur rísi á lóðum B og E á svæði Vísindagarða HÍ byggt á fyrirmynd og hugmyndafræði Grósku hugmyndahúss. Gert er ráð fyrir að sömu aðilar Gróska ehf. komi að uppbyggingu og rekstri hinna nýju mannvirkja. Hugmyndin er að unnin verði tillaga að breytingu á deiliskipulagi á lóðunum, þróun á forsögn og samgöngumat ásamt því að haldin verði samkeppni um hönnun bygginga. Tillaga þessi byggir á drögum að viljayfirlýsingu (ódags.) um nýtt gróskumikið hugmyndahús og frumkvöðlasetur á svæði Vísindagarða HÍ.

Í fyrr umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. janúar 2023 stóð að:

Í breytingu sem þessari væri í öllu falli nauðsynlegt að fyrirspyrjandi ynni fyrst með arkitektum við að ávarpa helstu drætti og álitamál, t.a.m. hlutföll, formgerð húsa, afstöðu þeirra innbyrðis og rýmismyndun áður en opnað væri á að heimila sameiningu lóðanna. Inn í þá vinnu þyrfti einnig að taka til skoðunar aukningu á umferð vistvænna ferðamáta, þ.e. fótgangandi og hjólandi sem eru skv. gildandi aðalskipulagi framfar í forgangi en umferð einkabíla sem er nú þegar mikil á vísindagarðareit og háskólasvæðinu. Skoða þyrfti bílastæðabörf og fyrirkomulag bílkjallara á lóðunum ef opnað yrði á endurskoðun deiliskipulagsins, t.a.m. mögulega samnýtingu við núverandi bílastæðakjallara í næsta nágrenni enda hillir undir að fyrsti fasi Borgarlínu – hágæðaalmenningsamgangna verði lögð um háskólasvæðið, þ.á.m. Vísindagarða.

Að lokum er rétt að taka fram að vinna stendur yfir við gerð þróunaráætlunar fyrir háskólasvæðið í heild sinni. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir við upphaf sumars og er rétt að doka við með allar stærri skipulagsbreytingar á svæðinu fram að útgáfu hennar.

Í tillögu borgarstóra felst m.a. sameining lóða B og E til að ná markmiðum um samfelldan byggingarreit neðanjarðar og ofanjarðar haldi deiliskipulagið hins vegar uppbroti sínu og yfirbragði og gata og/eða göngusvæði verði milli húsa. Lagt er til skv. drögum að næstu skref verði að:

- þróuð verði forsögn fyrir byggingar sem uppfylla þær kröfur sem Vísindagarðar, Gróska, og Reykjavíkurborg gera
- sérstaklega verði hugað að skipulagslegum þáttum sem varða stærð bygginga, uppbot, tengingar og almenningsrými milli húsa og biðstöð Borgarlínu
- virkir ferðamátar verði í forgangi í allri útfærslu
- unnið verði samgöngumat sem taki mið af tilkomu Borgarlínu, áherslu á virka samgöngumáta og gjaldtöku á öllum bílastæðum á svæði Háskóla Íslands áður en stærð bílakjallara verði ákveðin
- haldin verði samkeppni um hönnun byggingarinnar í samstarfi Vísindagarða, Grósku og Arkitektafélags Íslands sem byggir á áður gerðri forsögn
- niðurstaða samkeppninnar liggi til grundvallar tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðirnar
- að lokinni deiliskipulagsbreytingu munu Vísindagarðar Háskóla Íslands úthluta viðkomandi lóðum til Grósku á grundvelli samskonar lóðarleigusamnings og gildir um Bjargargötu 1.

Sem fyrr er áréttáður ríkur vilji og áhugi stjórnar Vísindagarða að ganga rösklega fram svo flýta megi og hraða skipulagsvinnu til að tryggja markvissan framgang verkefnisins og um leið áframhaldandi uppbyggingu Vísindagarða á háskólasvæðinu.

Skipulagsfulltrúi tekur undir þessa aðgerðaáætlun og fagnar því að haldin verði samkeppni um hönnun og útlit byggingarinnar áður en farið verður í að breyta gildandi deiliskipulagi. Skipulagsfulltrúi leggur áherslu á að við gerð forsagnar verði leitað til starfshóps um þróunaráætlun fyrir háskólasvæði Háskóla Íslands sem er skipaður fulltrúum skipulagsnefndar Háskóla Íslands og fulltrúum frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Vinna starfshópsins, sem stendur nú yfir, byggir á skýrslu starfshóps sömu aðila frá nóvember 2021 þar sem kemur fram heildarsýn fyrir háskólasvæðið og samþættingu þess við Borgarlínu.

f.h skipulagsfulltrúa

/Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt.